

Fimmtudaginn 15. júní 1989.

Nr. 28/1987. **Hreppsnefnd Rangárvallahrepps**

**f.h. hreppsins**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

**hreppsnefnd Álftavershrepps**

**f.h. hreppsins**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

**og gagnsök.**

Landamerkjámál. Afréttur. Gjafsókn. Gjafvörn. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1987. Gerir hann þær kröfur, að dómi undirréttar verði hrundið og breytt þannig, að eftirfarandi kröfur hans þar verði allar teknar til greina: „að mörkin á milli afréttarlanda Rangárvallahrepps að austan og Álftavershrepps að vestan verði ákveðin: úr Mýrdalsjökli frá upptökum kvíslar þeirrar, sem rennur fast austan við Mælifell (Stórilækur) (punktur N, — hnit Y 364.600, X 546.700), Stórilækur í Brennivínskvísl (punktur O, — hnit Y 368.400, X 546.400), hún síðan í Hólmsá við Svartafellstanga (punktur P, — hnit Y 369.210, X 540.720) og Hólmsá og Hólmsárlón að upptökum Hólmsár í Hólmsárbotnum (Strútslaug) (punktur E, — hnit Y 374.700, X 546.300)“.

Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, auk 12% söluskatts af málflutningsþóknun, en áfrýjandi, sem hafði gjafvörn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 10. nóvember 1987.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1987. Gerir hann þær kröfur, að mörk afréttarlanda aðilanna norðan Mýrdalsjökuls verði ákveðin sem hér segir:

„1. Aðallega eftir línu, sem hugsast dregin úr Mýrdalsjökli eftir

beinni línu úr upptökum Fúlalækjar sunnan jökuls þvert yfir jökulinn og í Strútslaug.

2. Til vara eftir línu, sem hugsast dregin úr Mýrdalsjökli eftir beinni línu úr upptökum Fúlalækjar sunnan jökuls þvert yfir jökulinn og í miðjan (Meyjar-)Strút og þaðan í Strútslaug.

3. Til þrautavara er krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar landamerkin“.

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti að viðbættum 12% söluskatti af málflytningsþóknun, hvernig sem málið fer, eins og það væri eigi gjafsóknar- og gjafvarnarmál, en gagnáfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 28. janúar 1988.

## I.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er bréf sýslumannsins í Skaftafellssýslu til vegamálastjóra 17. október 1938, þar sem hann lýsir landamerkjum milli afrétta Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Sýslumaður Rangárvallasýslu sendi oddvita Rangárvallahrepps framangreinda markalýsingu með bréfi 24. janúar 1939, og svaraði oddvitinn, Erlendur Þórðarson, því með bréfi 27. febrúar sama ár.

## II.

Í hinum áfrýjaða dómi er rækilega lýst þeim heimildum og rökum, sem aðilar byggðu kröfur sínar á og lágu til grundvallar úrlausn dómsins. Gögn málsins þykja ekki gefa óyggjandi upplýsingar um ákveðin mörk milli afrétta aðila. Hin nýju skjöl, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, hafa ekki skorið hér frekar úr. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir því mega staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað.

Allan gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað aðila fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

Málflytningslaun skipaðra talsmanna aðila eru dæmd án sölu-skatts, sbr. dóm Hæstaréttar 8. febrúar 1989 í málinu nr. 238/1987.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað er staðfest.

Allan gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað aðila fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000,00 krónur, og laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000,00 krónur.

## S é r a t k v æ ð i

## Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um mörk landsvæða, sem málsaðilar telja afréttarlönd.

Ég tel rekstur máls þessa ekki verða byggðan á ákvæðum laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl., enda sé hér í raun uppi ágreiningur um það, hvar draga eigi mörk á sviði stjórnsýslu milli hreppsfélaga þeirra, sem að málinu standa, og því, eins og hér hagar til, sýslumörk, sbr. lög nr. 42/1969, um afréttarmál, fjallskil og fleira, sbr. nú lög nr. 6/1986, um sama efni.

Ég tel þann ágreining ekki bera undir dómstóla, sbr. ákvæði I. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, sbr. nú lög nr. 8/1986, um sama efni, og því beri að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Þessi niðurstaða hefur ekki hlotið stuðning meiri hluta dómara. Verður því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, tekin afstaða til efnis málsins, og fellst ég þá á niðurstöðu dómsatkvæðis meiri hlutans.

## Dómur aukadómpings Vestur-Skaftafellssýslu 19. desember 1986.

## I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. nóvember 1986, hefur hreppsnefnd Álftavershrepps, Vestur-Skaftafellssýslu, höfðað fyrir dóminum 11. september 1984 á hendur hreppsnefnd Rangárvallahrepps.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, „að mörkin milli afréttarlands stefnanda að austan og stefnda að vestan norðan Mýrdalsjökuls verði ákveðin sem hér segir:

1. aðallega eftir línu, sem hugsast dregin úr Mýrdalsjökli eftir beinni línu úr upptökum Fúlalækjar sunnan jökuls þvert yfir jökulinn og í Strútslaug,

2. til vara eftir línu, sem hugsast dregin úr Mýrdalsjökli eftir beinni línu úr upptökum Fúlalækjar sunnan jökuls þvert yfir jökulinn og í miðjan (Meyjar-)Strút og þaðan í Strútslaug.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál“.

Af hálfu varnaraðila eru endanlegar dómkröfur þessar:

„að dómkröfum stefnanda verði hrundið og mörkin milli afréttarlanda Rangárvallahrepps að austan og Álftavershrepps að vestan verði ákveðin:

„úr Mýrdalsjökli frá upptökum kvislar þeirrar, sem rennur fast austan við Mælifell (Stórilækur), Stórilækur í Brennivínskvisl, hún síðan í Hólmsá við Svartafellstanga, Hólmsá og Hólmsárlón að upptökum Hólmsár í Hólmsárbotnum og þaðan í há-Torfajökul“.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda, hreppsnefndar Álftavershrepps, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.“

Aðilar hafa látið marka framangreindar kröfulínur á uppdrátt, dskj. nr. 30 í máli þessu, sem fylgir dómi þessum og er hluti af honum.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 1985, tilkynnti dómurinn ríkislögmanni um málsókn þessa og jafnframt um næsta þinghald. Bréfi þessu svaraði ríkislögmaður 19. sama mánaðar þannig: „Leitað hefur verið eftir ákveðnum upplýsingum ráðuneyta þeirra, er í hlut eiga. Bréfi yðar verður svarað efnislega, þegar þau svör liggja fyrir.“ Ekki bárust frekari svör, og ekki varð af þingsókn af ríkisins hálfu.

## II.

Í landamerkjalögum, nr. 5 frá 17. mars 1882, voru lögfest ýtarleg ákvæði um skyldu eigenda eða umráðamanna jarða til þess að skrásetja landamerki og skyldu sýslumanna til þess að sjá um að framfylgja lögnum. Kveðið var sérstaklega svo á, að hin sama regla gilti einnig um afrétti og aðrar óbyggðar lendur, eftir því sem við yrði komið.

Hinn 22. október 1886 komu hreppsnefndir Holta-, Landmanna- og Rangárvallahreppa sér saman um landamerkjálýsingu fyrir Landmannaafrétt og undirrituðu hana. Landmannaafréttur er norðar en þrætusvæðið í máli þessu.

Þessa lýsingu sendu Rangæingarnir nú hreppsnefnd Skaftártunguhrepps til samþykktar og undirskriftar. Álftavershreppur kom ekki við sögu á

þessu stigi, því að afréttur hans er sunnar. Hreppsnefnd Skaftártungu-  
hrepps ritaði 21. janúar 1887 sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu svofell  
bréf:

„Hreppsnefndin í Landmannahreppi hefur sent hreppsnefnd Skaptár-  
tunguhrepps lýsingu á landamerkjum milli Landmanna- og Skaptártungu  
afrjettar til samþykktar og undirskriptar, en nefndin hefur ekki séð sér  
fært, að svo stöddu, að samþykkja téð landamerki, það henni ekki er  
kunnugt um, að nein ákveðin takmarkalína sé ennþá gjörð milli Skapta-  
fells- og Rangárvalla-sýsla á því svæði, sem hjer ræðir um; en slíkt verður  
nefndin að álíta, að sé nauðsynlegt að gjört sé áundan landamerkjasetningu  
hlutaðeigandi afrjetta, því ef hið gagnstæða ætti sjer stað, getur hæglega  
svo farið, að landamerki afrjettanna komi í bága við takmarkalínu sýsl-  
anna. Leyfir nefndin sjer því, að leggja mál þetta fyrir hina heiðruðu sýslu-  
nefnd Vestur-Skaftafellssýslu til nauðsynlegra aðgjörða.“

Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu fjallaði um málið á fundi sínum 30.  
apríl 1888. Gerði hún gantillögu um merki að Landmannaafreйти og kom  
jafnframt með tillögu að merkjum á þrætusvæðinu í máli þessu. Hljóðar  
umrædd landamerkjalyting Skaftfellinga, hin upphaflega tillaga þeirra að  
mörkum á þrætusvæðinu, svo:

„Úr Fúlalæk á Sólheimasandi yfir Eyjafjallajökul [sýnilega misritun fyrir  
Mýrdalsjökul] beina stefnu í miðjan Meyjarstrút, þaðan beint í Námakvísl-  
armynni, þar sem hún fellur í Tungnaá, og þaðan fyrir vestan Tungnaárfjall  
í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn.“

Tillögu þessa sendi sýslumaður starfsbróður sínum í Rangárvallasýslu 21.  
nóvember 1888.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu samþykkti á fundi sínum 4. október 1889  
svofellda gantillögu:

„Úr Fúlalæk beina stefnu í Hólmsárbotna, úr Hólmsárbotnum beina  
stefnu í austurendann á Þórisvatni. En vilji sýslunefndin í Vestur-Skafta-  
fellssýslu ekki aðhyllast þau mörk, stingur fundurinn upp á, að málefnið  
sé lagt í gjörð af báðum sýslunefndunum kosinna manna á kostnað beggja  
sýslufélaganna.“

Féllu nú samkomulagstilraunir niður. Hvorugri tillögunni var þinglýst.

Það er ágreiningslaust í máli þessu, að lína úr miðjum Meyjarstrút í  
Námakvíslarmynni liggur um Hólmsárbotna, öðru nafni Strútslaug. Sam-  
kvæmt því voru báðir aðilar og eru sammála um, að um það kennileiti  
lægju mörkin, enn fremur í upptök Fúlalækjar. Samkvæmt þessum lýsing-  
um á merkjum vildi því hvorugur aðili, á þessum tíma, eiga landsréttindi  
á spildu norðan Mýrdalsjökuls, er markast af línu, er hugsast dregin milli  
kennileitanna Fúlilækur — Hólmsárbotnar (þ.e. Strútslaug) — miður  
Meyjarstrútur — Fúlilækur.

Nú eru viðhorf breytt. Sóknaraðili, Álftavershreppur, vill nú miða við gagntillögu Rangæinga frá 4. október 1889, en varnaraðili, Rangárvalla-hreppur, seilast nokkru austar en jafnvel tillaga Skaftfellinga gerði ráð fyrir og nokkru austar en vatnaskil eru á svæðinu, þ.e. vill draga mörkin um vatn úr Mýrdalsjökli, er hann nefnir Stóralæk, er rennur meðfram Mæli-felli að austan, í Brennivínsvísl, er ráði merkjum í Hólmsá, og síðan upp með Hólmsá í Hólmsárbotna eða Strútslaug. Byggir varnaraðili á því, að Rangvellingar hafi smalað að þessum vötnum og þetta séu þau afréttarmörk, sem báðir málsaðilar hafi miðað við. Er aðilar settu fram tillögur sínar 1888 og 1889, hafi hvorugur þeirra haft sérstaklega í huga eða gaum-gæft, hver væru og ættu að vera afréttarmörk á þrætusvæðinu í máli þessu, ágreiningurinn hafi snúist um mörkin norðar, einkum svæðið sunnan Tungnaár frá Námskvísl eða Jökulgilskvísl og nokkuð austur fyrir Kirkju-fellsós eða Stórukvísl.

Í greinargerð sóknaraðila, Álftavershrepps, segir m.a.:

„Ekki er um auðugan garð að gresja varðandi heimildir um merki þessi. Á árunum 1887-1889 fóru fram tilraunir milli hreppa í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum til að ákveða í heild afréttar- (og þá jafnframt sýslu-)mörk norðan Mýrdalsjökuls. Á haustfundi sínum 4. október 1889 ákvað sýslunefnd Rangárvallasýslu að stinga upp á við sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, að merkin á þessu svæði yrðu „úr Fúlalæk beina stefnu í Hólmsárbotna“. Ekki varð samkomulag um þetta, sjálfsagt fyrst og fremst vegna ágreinings um merkjalínuna norðan Hólmsárbotna. Aðal-krafa stefnanda er efnislega samhljóða þessari tillögu Rangvellinga, en Hólmsárbotnar og Strútslaug eru tvö nöfn á sama merkjapunktinum.

Varakrafan er hins vegar samhljóða tillögu til sátta, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hafði gert í bréfi til sýslunefndar Rangárvallasýslu 21. nóvember 1888. Þá línu gat sýslunefnd Rangárvallasýslu ekki samþykkt, að líkindum vegna ágreinings um línuna norðar.

Skv. framansögðu var málinu á þessum tíma svo undarlega háttað, að Rangvellingar höfnuðu tillögu um línuna dregna í Meyjar-(Strút) og þaðan í Strútslaug (varakrafan), en gerðu gagntillögu um línuna beint í Strútslaug (aðalkrafan), sem Vestur-Skaftfellingar virðast hafa hafnað. Er augljóst, að hinn raunverulegi ágreiningur sýslunefndanna varðaði alls ekki marka-línuna á þessu svæði...

Kröfur stefnanda í málinu eru byggðar á þeim gögnum, sem tiltæk eru um, hvar menn hafa talið þessi merki vera. Telur stefnandi eðlilegast, þar sem beinum heimildarskjölum sé ekki til að dreifa, að miða merkin við tillögu sýslunefndar Rangárvallasýslu frá 1889, enda áttu fulltrúar Rangárvallahrepps í nefndinni aðild að þeirri tillögu án fyrirvara. Verður því að ætla, að þeir hafi þá talið mörkin svona réttilega dregin. Til vara miðar

stefnandi svo við tillögu Vestur-Skaftfellinga frá 1888 og telur alla vega ljóst, að á þeim tíma hafi enginn talið línuna liggja austar en þar greinir.“

### III.

Í bókinni Rangárvallasýslu, Sýslu- og sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélags, Rvík 1968, er að finna lýsingu Magnúsar Stephensens á Rangárvallasýslu eftir spurningum frá Bókmenntafélagsdeildinni í Kaupmannahöfn, er hann samdi árið 1856. Magnús Stephensen var sýslumaður í Skaftafellspingi 1823-44, en í Rangárþingi 1844-57.

Mörkum Rangárvallasýslu lýsir Magnús sýslumaður svo:

„Takmörk Rangárvallasýslu á alla vega eru þessi: Hafið að sunnan frá Jökulsár- til Þjórsármynnis: ræður svo Þjórsá að vestan allt upp í óbyggðir: að norðan: úr henni bein stefna í Eyvindarhreysi, úr Eyvindarhreysi í Þórisvatn, úr því í Fiskivötn, *úr þeim bein stefna í Hól(m)sárbotna í Skaftártungu, ræður svo Hól(m)sá að Brytalækjum, beina stefnu yfir jökul til upptöku Jökulsár á Sólheimasandi*, svo farvegur ár þessarar, hinn gamli, allt í sjó. Þar sem Jökulsá rann til forna, er nú bergvatnaskvísl lítil og nokkru vestar en þar sem áin rennur nú.“

Samkvæmt þessari lýsingu er allt þrætusvæðið og meira til innan marka Rangárvallasýslu. Það athugist, að einnig á þrætusvæðinu sunnan Tungnaár (frá Námskvísl og austur fyrir Kirkjufellsós) telur Magnús sýslumaður mörkin liggja austar en Rangæingar fóru fram á í upphaflegri tillögu sinni 22.10. 1886.

Í bókinni Göngum og réttum, er Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar og út kom á Akureyri 1948, er að finna lýsingu á Álftaversafrétti eftir Jón Gíslason, f. 1896, oddvita og alþingismað, í Norðurhjáleigu í Álftaveri. Hann lýsir mörkum afréttarins svo, 109. bls.:

„Afréttur Álftavershrepps takmarkast á þrjár hliðar af vötnum og jökli. Jökulvatnið Leirá fellur úr Mýrdalsjökli og í Hólmsá, skilur hún afréttinn frá heimalöndum hreppsins. Sunnan hennar, í heimalöndunum, stendur eitt einstakt fell, allhátt, og heitir það Rjúpnafell. Hólmsá skilur afréttinn frá Skaftártunguheiðum á austurhlið, allt til upptaka sinna, en á vesturhlið er Mýrdalsjökull. Við norðausturhorn Mýrdalsjökuls koma Álftaversafréttur og Rangárvallafréttur saman, og eru þar ekki nein vötn eða torfæur, sem skilja á milli, en gróðurlítið er þar, mest sandar, Mælifellssandur. Eru talsverð brögð að því, að fé renni saman á þessum slóðum milli Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.“

Á 111. bls. segir Jón frá því, að Álftveringar hafi allt til 1910 ævinlega farið í göngur sunnudaginn í 22. viku sumars „og þá sérstaklega vegna þess, að á mánudaginn hittust Rangvellingar og Álftveringar venjulega í nyrztu leitum á Álftaversafrétti, það er í Brytalækjum“.

Í sömu bók er að finna frásögn Vigfúsar Sæmundssonar, f. 1884, d. 1965, er bjó á Borgarfelli í Skaftártungu, af ferðum í Strútinn (Meyjarstrút). Hann segir m.a. á 96. bls.: „Strúturinn er hátt, strútumyndað fjall suðvestan í Torfajökli vestan Hólmsárbotna. Tilheyrir hann Rangárvallaafreitti. Þar hittust Rangvellingar og Tungumenn oftast áður fyrr í göngum...“ Og síðar á sömu blaðsíðu: „Venjulega var farið sama daginn austur í Álftavötn, ef veður og dagur entuð, og þá með það fé, er tekið var í Strútsrétt, en alloft kom það fyrir, að ekki entist dagur til þess, einkum ef veður spilltist, og var þá gisti í tjöldum Rangvellinga, því að þeir lágu í tjöldum þá einu nótt, sem þeir voru undir Strút. Fengu Tungumenn allan beina hjá Rangvellingum veittan af hinni mestu rausn.“

Og enn á 97. bls., þar sem Vigfús skráir frásögn Sigurðar Árnasonar í Hvammi í Skaftártungu af því, er hann hreppti illviðri í göngum 1918: „Þá fór hann við annan mann snemma morguns úr Jökuldölum. Var þá allmikið frost. Þeir félagar voru ríðandi og söfnuðu með sér Ófærudalsbotninn. Fundu þeir þar tuttugu lömb, flest af Rangárvöllum. Ráku þeir lömbin með sér undir Strútinn, en þar voru þá Rangvellingar fyrir og höfðu eigi réttað féð, heldur voru að gera rétt í Strútsgili neðst við rætur fjallsins, en áður og síðar hefir réttin verið við Strútslaug. Þeir Sigurður urðu að biða á meðan, og var komið kvöld, þegar réttargerð var lokið og rekið hafði verið inn. Urðu þeir því að gista hjá Rangvellingum.“

Kjartan Björnsson í Vík segir í fram lögðu vottorði, að hann hafi verið í Skaftártungu 1933-1943, gangnaforingi á tímabili. Þá hafi tveir menn farið í rétt hjá Rangvellingum út að Strútslaug að sækja austanfé, sem oft hafi reynst drjúgur hópur. Fé Rangvellinga, er í rétt kom, hafi verið miklu færra.

Fram hefur verið lögð í málinu skrifleg aðilaskýrsla Böðvars Jónssonar, hreppsnefndarmanns í Norðurhjáleigu. Þar kemur fram, að Álftveringar hafi að nokkru eða öllu smalað Strútsvæðið frá 1961-1981. Árið 1961 hafi málsaðilar í sameiningu sett upp rétt við Hrótagil (um 3 km vestan við Strútinn), og eftir það hafi sú tilhögun verið höfð í nokkur ár, að Álftveringar hafi smalað Strútsvæðið með Rangvellingum vestur í Hrótagil og féð verið réttað þar. Síðan hafi Rangvellingar viljað breyta þessu, og í nokkur haust hafi Álftveringar smalað Svartafell, Hólmsárbotna og Strútinn, en Rangvellingar úr Hrótagili í Krókagil (nordan og vestan við Strútinn), og þar hafi aðilar mæst. Haustið 1969 eða 1970 hafi verið breytt til um smöln á Strútsvæðinu og Álftveringar smalað austur allt svæðið frá Hrótagili. Fyrstu árin hafi því fé Rangvellinga, er með þessu móti rakst austur, verið lógað, en síðan hafi réttin við Hrótagil, sem var úr timbri, verið flutt í Brytalæki og Rangvellingar sótt fé sitt á bíl þangað.

Frá 1981 hafi Rangvellingar smalað þrætusvæðið allt og réttað í Brytalækjum.

Í fram lagðri yfirlýsingu Páls Eggertssonar, Mýrum, sem hefur verið umsjónarmaður fjallskila og fjallkóngur á Álftaversafrétti frá 1982 og fór fyrst í smölun 1970, segir m.a., að frá 1970-1980 hafi Álftveringar smalað allt svæðið vestan úr Hrótagili og suður að Brennivínksvísl.

Gissur Jóhannsson, oddviti Álftavershrepps, hefur lýst þessar skýrslur réttar. Hann kveðst frá því fyrsta, að hann man eftir, alltaf hafa heyrt talað um, að Svartafell og hálfur Strúturinn tilheyrðu Álftaveri, — „sumir sögðu, að það væri Strúturinn allur“.

Fram hafa verið lögð í málinu vottorð sjö Rangæinga, sem allir eru sammála um, að þeir hafi, er þeir smöluðu Rangárvallafrétt, ekki heyrt önnur mörk nefnd gagnvart afrétti Skaftfellinga en þessi: Kvísl austan Mælifells, sem fellur í Brennivínksvísl, síðan Brennivínksvísl í Hólmsá, síðan Hólmsá í Hólmsárlón og úr því í Hólmsárbotna. Vottorðsgjafar eru þeir Skúli Jónsson á Selalæk, er smalaði 1954-1964, Ásgeir Auðunsson frá Svínhaga, er smalaði 1940-1950, Óskar Auðunsson frá Svínhaga, er smalaði 1933-1952, Ólafur Gíslason í Hjarðarbrekku, er smalaði 1935-1947, Sigurbjör Sæmundsson frá Þorleifsstöðum, er smalaði 1929-1940, Jón Egilsson á Selalæk, er smalaði 1926-1940, og Benedikt Guðjónsson í Nefsholti, er smalaði 1916-1922. Jón á Selalæk og Ásgeir í Svínhaga taka fram, að smalað hafi verið að umræddum mörkum, og Jón bætir við, að Mælifell hafi alltaf verið smalað af Rangvellingum.

#### *Álit réttarins.*

Það er fram komið, að fé málsaðila hefur gengið saman á þrætusvæðinu í máli þessu. Fé austanmanna virðist hafa verið fleira, a.m.k. síðustu áratugi. Fé af svæðinu var lengst af réttað við Strútslaug, og Rangvellingar tjölduðu þar áður fyrr og lágu eina nótt. Þó var rétt um tíma í Strútgili, austan við Strútinn. Eftir 1961 var sett upp rétt við Hrótagil, sem er um þrjá km vestan við Strútinn, nálægt vatnaskilum á Mælifellssandi. Hún var fáum árum síðar flutt í Brytalæki.

Það athugist, að í vottorðum Rangæinganna sjö, að frá töldum vottorðum Jóns á Selalæk og Ásgeirs í Svínhaga, segir ekkert um það, hvernig þrætusvæðið hafi verið smalað síðustu 70 árin, heldur einvörðungu, að vottorðsgjafar hafi fyrr á árum aldrei heyrt nefnd önnur mörk milli afréttanna en kvísl austan Mælifells í Brennivínksvísl og síðan Brennivínksvísl í Hólmsá. Því er óhnekkt, að um árabíl eftir 1970 hafi Álftveringar ótalið smalað austur allt svæðið austan Hrótagils, þ.e. nánast allt þrætusvæðið í máli þessu.

Báðir aðilar virðast hafa haft tilhneigingu til að telja sér allt þrætusvæðið. Magnús Stephensen, sýslumaður Rangæinga, telur 1856 mörkin að Brytalækjum, en Jón Gíslason, oddviti í Norðurhjáleigu, virðist telja

mörkin á Mælifellssandi. Þó segir hann Brytalæki nyrstu leitir Álftveringa.

Vigfús á Borgarfelli, sem var Tungumaður, en ekki Álftveringur, og hefur því væntanlega smalað Skaftártunguafrétt, telur Strútinn á Rangárvallafrétti og segir, að þar hafi Rangvellingar og Tungumenn hist í göngum oftast áður fyrr.

Landamerkjalyásingarnar frá 1888 og 1899 sýna, að þá voru aðilar sam-mála um, að merkin lægju ekki auðar en um Strút.

Þegar þessar rituðu heimildir eru hafðar í huga og jafnframt litið til þeirra afréttarnota, sem upplýst er, að málsaðilar, hvorir um sig, hafa haft af þrætulandinu, svo og til fjallskila á því, og loks til þess, hvaða mörk megi teljast hagkvæm, náttúrleg og glögg, verður það niðurstaða dómsins, að mörkin eigi að vera á línu, er hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæsta punkt á Mælifelli, þaðan í hæsta punkt á Meyjarstrút, þaðan í Strútslaug (Hólmsárbotna). Línan úr Hólmsárbotnum í há-Torfajökul liggur að Skaftártunguafrétti, og verður því ekki um hana fjallað í máli þessu.

Hnit hæsta punkts á Mælifelli er Y 366535, X 546275. Hnit hæsta punkts á Meyjarstrút er Y 370990, X 546055. Línan úr upptökum Fúlalækjar í Mælifell hefur stefnuna  $50^\circ$  austur af norðri, en línan þaðan í Meyjarstrút  $2,8^\circ$  austur af norðri, en línan þaðan í Strútslaug stefnuna  $5,1^\circ$  vestur af norðri.


Til skýringar skal tekið fram, að hnitakerfi fyrir Ísland er þannig upp byggt, að punktur með hnit Y-O og X-O er fyrir suðaustan Ísland. Hnit Hábarms, Y 381606,2, merkir, að hæsti punktur fjallsins sé 381 kílómetra 606 metrum og 20 sentimetrum norðan við núllpunkt eða hornpunkt hnitakerfisins, en X 546993,5, merkir, að sami punktur fjallsins sé 546 kílómetrum 993 metrum og 50 sentimetrum vestan við hann. Á Hábarmi og Snjóöldu eru svokallaðir þríhyrningapunktur Orkustofnunar (og Landmælinga Íslands), þ.e. sýnileg, varanleg ummerki steipt eða klöppuð niður, og hnit þeirra mæld með nákvæmni upp á  $1/10$  úr metra.

Pálmi R. Pálmason verkfræðingur hefur að tilhlutan dómsins mælt út eftir uppdrætti Orkustofnunar í mælikvarðanum 1:20.000 hnit annarra þeirra punkta, er greindir eru hér að framan, en af kortum í þessum mælikvarða má lesa með  $1/2$  mm nákvæmni, sem samsvarar 10 metra skekkjumörkum á landinu.


Með bréfi, dags. 10. júlí 1985, veitti dómsmálaráðuneytið sóknaraðila, Álftavershreppi, gjafsókn í máli þessu og skipaði Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. til þess að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa.

Með bréfi, dags. 8. október 1985, veitti dómsmálaráðuneytið varnaraðila, Rangárvallahreppi, gjafvörn í máli þessu og skipaði Árna Grétar Finnsson hrl. til þess að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.





málkvæð. 1:250.000



Rík 20. febr. 1985  
 Skil Þómasson, vorkfr.  
 brytt 21. ág '86

Lögmaður gjafsóknarhafa hefur lagt fram málskostnaðarreikning, þar sem hann krefst málflytningaþóknunar, að fjárhæð 250.000,00 króna, og 15.134,00 króna til endurgreiðslu þegar út lagðs kostnaðar samkvæmt nánari sundurliðun.

Lögmaður gjafvarnarhafa krefst auk hæfilegrar málflytningaþóknunar út lagðs kostnaðar, að fjárhæð 8.848,00 krónur.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningaþóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., 180.000,00 kr., og málflytningaþóknun skipaðs talsmanns gjafvarnaraðila, Árna Grétars Finnssonar hrl., 180.000,00 krónur.

Með sérstakri umboðsskrá skv. 2. mgr. 30. gr. 1. 85/1936, dagsettri 22. ágúst 1984, skipaði dómismálaráðuneytið Mát Pétursson, héraðsdómara í Hafnarfirði, til þess að fara með mál þetta og dæma, en með honum skipa dóminn þeir Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Stefán Már Stefánsson prófessor.

#### D ó m s o r ð:

Mörkin milli afréttarlanda sóknaraðila, Álftavershrepps, og varnaraðila, Rangárvallahrepps, á svæðinu norðan Mýrdalsjökuls skulu vera á línu með stefnu 50° austur af norðri, er hugsast dregin úr upptökum Fúlalækjar í hæst Mælifell (hnit Y 366535 X 546275), þaðan eftir línu með stefnu 2,8° austur af norðri í hæstan Meyjarstrút (hnit Y 370990 X 546055), og þaðan eftir línu með stefnu 5,1° vestur af norðri í Strútslaug (Hólmsárbotna).

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður Álftavershrepps greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningaþóknun skipaðs talsmanns hans, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., 180.000,00 kr., og út lagður kostnaður til dómsuppsögu, 15.134,00 krónur.

Gjafvarnarkostnaður Rangárvallahrepps greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningaþóknun skipaðs talsmanns hans, Árna Grétars Finnssonar hrl., 180.000,00 kr., og út lagður kostnaður til dómsuppsögu, 8.848,00 krónur.